



Herbergjanýting hefur stóraukist á Austurlandi á árinu


Herbergjanýting á hótélum hefur stóraukist á Austurlandi á árinu. Alls nam nýtingin að meðaltali 47,3% borið saman við 40% á sama tímabili í fyrra. Þetta er langhæsta herbergjanýting sem mælst hefur á Austurlandi en áður hafði hún mælst næsthæst 40,4% árið 2017.

Nýtingin á Austurlandi færst nær því sem er á öðrum svæðum

Herbergjanýting hefur lengi verið ein sú lægsta á Austurlandi. Allt frá árinu 2009 var nýtingin lægst á Austurlandi á fyrstu 11 mánuðum hvers árs og stundum langlægst. Þessi mikla aukning nýtingar milli ára nú skýtur Austurlandi mjög nálægt þeim svæðum sem koma næst eftir Austurlandi í nýtingu. Þannig var næstminnsta nýtingin á Vesturlandi og Vestfjörðum á þessu ári eða 48,7% og þriðja minnst á Norðurlandi, 49,7%. Nýtingin á Austurlandi á þessu ári er því komin ansi nálægt nýtingunni eins og hún mælist á Norðurlandi og Vesturlandi og Vestfjörðum. Aldrei áður hefur nýtingin á því svæði, þar sem nýtingin er lægst, verið jafn há og á þessu ári. Næsthæst var hún árið 2017 þegar hún var 40,4%. Fyrir árið 2016 lá lægsta nýtingin ávallt undir 40%.

Mikil fjölgun gistinátta skýrir aukningu herbergjanýtingar

Mjög svo bættu herbergjanýtingu milli ára á Austurlandi má fyrst og fremst rekja til mikillar fjölgunar gistinátta á svæðinu. Alls hefur fjölgunin verið 14,7% og skýrist sú fjölgun fyrst og fremst af fjölgun gistinátta erlendra ferðamanna. Þeim fjölgaði um 14.533 milli ára á fyrstu 11 mánuðum hvers árs eða um 17%. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði einnig en þó einungis um 145 talsins. Herbergjum fjölgaði þó einnig á Austurlandi og vó það á móti fjölgun gistinátta. Fjölgun herbergja var þó töluvert minni en fjölgun gistinátta en fjölgun herbergja nam 2,7% á fyrstu 11 mánuðum ársins borið saman við sama tímabil í fyrra.






Langmesta fjölgun gistinátta á Austurlandi

Fjölgun gistinátta erlendra ferðamanna var mest á Austurlandi á fyrstu 11 mánuðum ársins borið saman við sama tímabil í fyrra. Fjölgunin nam 17% en næstmest var fjölgunin á Norðurlandi, 10,5% en gistinóttum erlendra ferðamanna fækkaði á landinu öllu um 0,3%.

Sé litið til þróunar gistinátta á landinu öllu eftir þjóðerni sést að mesti hlutfallslegi samdrátturinn milli ára var hjá íbúum Norður-Ameríku. Þannig fækkaði gistinóttum þeirra um 9,9% milli ára. Ástæðan fyrir meiri fjölgun gistinátta erlendra ferðamanna á Austurlandi en öðrum svæðum liggur að hluta til í því að hlutfall Norður-Ameríkubúa í heildarfjölda gistinátta á Austurlandi var töluvert minna en á landinu í heild. Þannig var hlutfallið 20,6% á Austurlandi en 31,9% yfir landið í heild og kom því fækkun gistinátta Norður-Ameríkubúa harðar niður á öðrum svæðum landsins.


Það sem vekur einnig athygli, sé fjölgun gistinátta Norður-Ameríkubúa skoðuð eftir svæðum, var að mesta fjölgun þeirra var á Austurlandi og Norðurlandi á fyrstu 11 mánuðum ársins. Fjölgunin á Austurlandi var 19% en 7% á Norðurlandi borið saman við sama tímabil í fyrra. Þetta voru einu svæðin þar sem fjölgun mældist milli ára. Fækkunin var mest á Vesturlandi og Vestfjörðum, 19% og næstmest á höfuðborgarsvæðinu, 12%. Þessi þróun er skýrt merki um að Norður-Ameríkubúar hafi fært gistingu sína að hluta yfir á Austurland og Norðurland og af öðrum svæðum.

Aukning gistinátta erlendra ferðamanna á hótelum



Míðað við fyrstu 11 mánuði árána 2018 og 2019
Heimild: Hagstofa Íslands

Aukning gistinátta Norður-Ameríkubúa á hótelum



Míðað við fyrstu 11 mánuði árána 2018 og 2019
Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.